

## ✉ Baðstaður í Ytri-Varðgjá, deili- og aðalskipulagstillögur

Búið til	9.4.2021 15:47:29
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	9.4.2021 15:48:00
Tilheyrir	 202102-0029 - Ytri-Varðgjá - Tillaga að deiliskipulagi

### Efni

Baðstaður í Ytri-Varðgjá, deili- og aðalskipulagstillögur

### Upplýsingar

Sent	9.4.2021 15:48:00	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill			
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	sbe@sbe.is
Cc	vigfus@sbe.is

### Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0029 (LA, SBR, KHS, SH)

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar frá 16. febrúar 2021 þar sem óskað er eftir umsögn um deiliskipulagstillögu og tilheyrandi aðalskipulagsbreytingu er varðar baðstað í landi Ytri-Varðgjár. Fyrir liggja kort sem sýna tillögu að deiliskipulagi og breytingar á aðalskipulagi, auk greinargerðar með skipulags- og byggingarskilmálum. Einnig er kallað eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á því hvort framkvæmdin varði verndarhagsmuni svæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og telur að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdum, en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Svæðið sem um ræðir liggur upp af fjöru lóns í landi Ytri-Varðgjár við óshólma Eyjafjarðarár og er í útjaðri svæðis sem er á náttúruminjaskrá, Hólmarnir (nr. 510). Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á svæðið á náttúruminjaskrá og að innan framkvæmdasvæðis verði óveruleg umhverfisáhrif þar sem svæðið er núþegar nokkuð raskað. Hins vegar telur stofnunin að affallsvatn frá baðstaðnum sem ráðgert er að hleypa út í lónið geti haft veruleg áhrif á lífríki þess.

Leirurnar eða lónið fyrir framan framkvæmdasvæðið er afgangur af Hringvegi og til vesturs af Eyjafjarðarbraut. Leirurnar eru hluti af óshólma Eyjafjarðarár og nýtur því sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga. Fram kemur í greinargerð að innan lónsins gæti flóðs og fjöru um ræsi sem liggur undir Hringveginum. Töluvert af fugli heldur til í þessu lóni á vorin við ætisleit, sérstaklega er þarna mikið af æðarfugli með unga en einnig leita vaðfuglar þangað þegar leiran kemur upp úr á fjöru. Leirurnar eru því

mikilvægt fæðusvæði fyrir fuglalíf. Liðin eru 15 ár síðan síðast var gerð úttekt á hvernig fuglar nýta þetta svæði og er því full ástæða til að endurtaka hana, þannig að til séu sambærileg gögn fyrir og eftir framkvæmdir.

Í greinargerðinni kemur fram að affallsvatn frá baðstaðnum verði um 35 l/sek og að hitastig þessi verði um 10-15°C þegar því er hleypt út í lónið. Náttúrufræðistofnun telur að þetta geti haft veruleg áhrif á leirurnar sérstakleg er varðar seltu- og hitastigsbreytingar. Út frá þessu styður stofnunin það að affallslögn sé leidd út um ræsið til að lágmarka áhrif affallsvatnsins á lífríkið innan lónsins. Stofnunin bendir einnig á að þörf er á frekari rannsóknum á mögulegum áhrifum affallsvatnsins, bæði innan og utan lónsins, og eins til að koma í veg fyrir að óæskileg umhverfisáhrif og rask séu flutt yfir á grunnsævið norðan við ræsið. Hér þarf að vanda til verka.

Í kafla 5 um Umhverfisáhrif stendur: „[...] sama vatn og runnið hefur úr Vaðlaheiðargöngum og til sjávar í Eyjafirði síðan 2014 án merkjanlegra áhrifa á umhverfi og lífríki.“ Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að fylgst hafi verið með áhrifum heitavatnsins á vistkerfi sjávar í Eyjafirði og því séu áhrifin ókunn. Þessi staðhæfing er því ómerk nema að hægt sé að sýna fram á annað.

Stofnunin telur mikilvægt að við gerð bílastæðis og göngustíga sé hugað vel að því að halda náttúrulegum bökkum lónsins óröskuðum og að fjarlægð frá þeim sé nægileg til að tryggja að ekki verði truflun á fuglalífi.

Þá bendir Náttúrufræðistofnun einnig á að fyrirhuguð íbúðabyggð í aðalskipulagi (ÍB 22 og ÍB 13) munu líklega einnig hafa áhrif á umhverfið og ógna vistkerfi lónsins í framtíðinni.

Á bls. 9 er talað um samráð við hagsmunaaðila er tengist deiliskipulagsgerð og taldir upp helstu samráðsaðilar. Náttúrufræðistofnun Íslands telur ekki rétt að nota orðið samráð þegar leitað er umsagnar á deiliskipulagstillögu og tilheyrandi aðalskipulagsbreytingu. Hér væri nær að nota orðið umsögn og umsagnaraðilar. Auk þessa er nafn stofnunarinnar misritað, þ.e. Náttúrufræðistofa Íslands.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulags og matslýsingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

## Viðhengi

image001.png (5 KB)